

Nd.

266. Nefndarálit

[153. mál]

um frv. til 1. um breyt. á 1. nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu.

Frá minni hl. heilbrigðis- og trygginganefndar.

Ljóst er að sveitarstjórnir á höfuðborgarsvæðinu hafa lýst efasemdum um ýmis ákvæði laga nr. 59/1983 og uppbrygging heilsugæslustöðva á höfuðborgarsvæðinu hefur ekki farið fram samkvæmt þeim. Sá frestur, sem farið er fram á með þessu frumvarpi og samþykktur var í efri deild, er kominn inn á Alþingi að beiðni sveitarstjórnarmanna sem telja „ýmis tormerk“ á skipulagningunni og úr þeirra hópi heyrast raddir „sem telja heilsugæslukerfið ekki eiga við á svæðinu“.

Við hljótum að undrast þessa afstöðu og leggjum til að fresturinn verði aðeins til 1. maí n. k. En fyrst og fremst teljum við nauðsynlegt að fá úr því skorið á Alþingi hvort til stendur að snúa frá þeirri stefnu sem Alþingi hefur mótað um skipulagningu heilsugæslu.

Alþingi, 10. des. 1984.

Guðrún Agnarsdóttir,
fundaskr.

Guðrún Helgadóttir,
frsm.